



Launadeilu lausráðinna hjá SÍ lokið

Samningur lausráðinna hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands samþykktur á félagsfundi 11. desember 2002

Á félagsfundi þann 11. desember s.l. var samningur lausráðinna hljómlistarmanna starfandi hjá SÍ samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Samningurinn markar endalok launadeilu lausráðinna sem staðið hefur vel á annað ár frá undirskrift samnings fastráðinna í maí 2001 og náði hámarki í tveggja daga verkfalli lausráðinna í byrjun desember 2002.

Samningurinn tekur til þeirra sem vinna 35 þjónustublokkir eða færri árlega (6-7 tónleika á ári) og felur í sér sömu launahækkanir til lausráðinna og í samningi fastráðinna. Ennfremur hefur samningurinn verið samhæfður kjarasamningi fastráðinna frá 2001, tekið var upp svokallað þjónustukerfi og gerðar ýmsar kerfisbreytingar þar að lútandi. Lausráðnum eru tryggðar jafnmargar æfingar fyrir hljómleika og fastráðnum í viðkomandi verki og hefur 24 tíma tryggingin verið afnumin. Framkvæmdastjórn hljómsveitarinnar hefur nú rýmri heimildir til þess að fastráða hljómlistarmenn í allt að 20% starf í samfellda vinnu. Framkvæmdastjórn hljómsveitarinnar hefur einnig lofað að öll laun lausráðinna frá undirskrift samnings fastráðinna verði endurreiknuð í samræmi við niðurstöðu Félagsdóms frá júní s.l. sem kvað á um að kjarasamningur FÍH við hljómsveitina frá 1985 væri í gildi þar, til annar samningur tæki við.

Er það hljómlistarmönnum mikið gleðiefni að samningar hafi náðst með viðunandi árangri og þar með höggvið á þann vandræðahnút sem málið var komið í. Samningurinn er á heimasíðu FÍH á slóðinni www.fih.is

sigurgeir@fih.is

Beðið eftir svári

Stjórn FÍH sendi fjármálaráðherra Geir H. Haarde beiðni um endurskoðun virðisaukaskattslaga.

Í nóvember sendi stjórn FÍH Geir H. Haarde fjármálaráðherra bréf þar sem farið er fram á endurskoðun á virðisaukaskattslögum af dansleikjum og tónleikahaldi. Farið var sömuleiðis fram á að virðisaukaskattur af tónleikum þar sem dansað er (danstónleikar) yrði felldur niður þar sem núverandi túlkanir Ríkisskattstjóra á hugtakinu tónleikar væru úreltar og ekki í takt við tónlistarlíf Íslendinga. Var fjármálaráðherra bent á að túlkanir Ríkisskattstjóra bitnuðu sérstaklega á landsbyggðinni og hefti viðleitni og möguleika tónlistarmanna á að ferðast um landið í því skyni að halda tónleika.

Ennfremur kom fram að margir af þekktustu popptónlistarmönnum landsmanna störfuðu við þau skilyrði að virðisaukaskattur af dansleikjum væri innheimtur strax af aflokinni samkomu og fengu hljómlistarmenn því ekki, öfugt við aðrar starfsgreinar, að hafa virðisaukahlutann í veltunni fram að opinberum gjalddaga virðisaukaskatts á tveggja mánaða fresti. Í þessu fælist misrétti sem yrði að leiðrétta.

Óskað var eftir fundi og svári frá fjármálaráðherra sem verður birt ásamt bréfi FÍH til ráðherrans við fyrsta hentuga tækifæri.

sigurgeir@fih.is

Efnisyfirlit:

- Samningur lausráðinna hljómlistarmanna starfandi hjá SÍ samþykktur.
- Virðisaukaskattsmál til ráðherra.
- Átak á veitingahúsamarkaði.
- Samtónn opnar heimasíðu.
- Hljóðritasafn gefið út.
- Unnið í samningi við Útfararstofu kirkjugarðanna.
- Málþing um tónlistarhús.
- Tónlistarmenn á samninganámsskeiði.
- Mezzoforte spilaði fyrir DMF
- Fundargerð frá félagsfundi lausráðinna hjá SÍ.

Ábyrgðarmaður: Björn Th. Árnason
Ritstjórn: Sigurgeir Sigmundsson
Prentun: Stafrænt leturprent
Prófarkalestur: Björg Óskarsdóttir



Tónlistariðnaðurinn talar einni röddu í Samtóni

Tónlistariðnaðurinn á Íslandi hefur sameinast undir einum hatti, “Samtóni” til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum iðn/listgreinarinnar brautarhengi. Segja má að Samtónn hafi orðið til við baráttu hagsmunaaðila fyrir stofnun Útflutningssjóðs tónlistarinnar sem virtist í tíð Finns Ingólfssonar iðnaðarráðherra ætla að verða að veruleika, en dagaði síðan uppi á Alþingi Íslendinga og hvarf.

Þann 22. nóvember s.l. opnaði Samtónn heimasíðu sem er liður í sameiginlegri kynningu réttthafanna. Er stefnt að því að á heimasíðunni verði að finna mjög yfirgripsmiklar upplýsingar um réttthafa og verk þeirra, hljóðritun og flutning. Síðan á einnig að vera aðgengileg notendum utan Íslands og til að auka frekar kynningu á íslenskri tónlist og rétt-höfum erlendis.

Aðilar:

Aðilar að Samtóni eru STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, en aðildarsamtök þeirra eru Tónskáldafélag Íslands og Félag tónskálda og textahöfunda og SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, en aðildarfélög þess eru Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Samband íslenskra karlakóra, Samband blandaðra kóra og Samband lúðrasveita auk Sambands hljómplötuframleiðenda.

Stjórn Samtóns:

Stjórn Samtóns er skipuð sex mönnum, þremur tilnefndum af STEFi og þremur af SFH. Á fyrsta fundi Samtóns voru eftirtaldir kosnir í stjórn Samtóns:

Björn Th. Árnason, formaður (Félag íslenskra hljómlistarmanna/SFH), Magnús Kjartansson varaformaður (Félag tónskálda og textahöfunda/STEF), Eiríkur Tómasson (STEF), Gunnar Guðmundsson (SFH), Kjartan Ólafsson (Tónskáldafélagi Íslands/STEF), Ragnar Birgisson (Sambandi hljómplötuframleiðenda/SFH)

Stjórn Samtóns var sammála á síðasta stjórnarfundi að fyrir utan kynningu á samtökunum væru þrjú mál forgangsmál hjá Samtóni. Þau væri eftirfarandi:

1. Framgangur frumvarps til laga um Tónlistarlög samfara fjárveitingu til útrásar íslenskrar tónlistar.
2. Koma tónlist á miðlægum gagnagrunn og miðla upplýsingum um íslenskt tónlistarlíf og tólistarrétt-hafa.
3. Barátta gegn ólöglegri dreifingu tónlistar.

Allar nánari upplýsingar um Samtón eru á heimasíðu samtakanna <http://www.icelandicmusic.is/>.

Samantekt sigurgeir@fih.is

Samninganefnd söngvara starfandi hjá Útfararstofu kirkjugarðanna að störfum

Að undanförmu hefur samninganefnd söngvara starfandi hjá Útfararstofunum unnið að mótun tilboðs sem kynnt verður útfararstofunum eftir áramót.

Í samninganefndinni sitja þau Jóhanna Linnet, Signý Sæmundsdóttir, Kristján Helgason, Sigrún Jónsdóttir, Ingólfur Helgason, Árni Scheving og Sigurgeir Sigmundsson.

sigurgeir@fih.is

Hljómlistarmenn sóttu samningatækninámskeið í Reykholti

Í október s.l. fóru fulltrúar FÍH á námskeið, á vegum Félagsmálaskóla alþýðunnar, í samningatækni. Um vikunámskeið var að ræða og tóku eftirfarandi hljómlistarmenn þátt í námskeiðinu; Edward Frederiksen, Rósa Hrund Guðmundsdóttir, Björn Th. Árnason, Brjárn Ingason, Þórunn Ósk Marinósdóttir, Snorri Örn Snorrason, Sigurgeir Sigmundsson, Jón Aðalsteinn Þorgeirsson, Jóseph Ognibene, Björk Jónsdóttir og Þórir Baldursson.

Námskeiðinu var skipt í nokkra hluta þar sem farið var í undirbúning og áætlanir fyrir kjarasamninga, Lög um stéttafélög og vinnudeilur, kjarasamninga opinberra starfsmanna, markmið og aðferðir í samningum, tengsl við fjölmiðla og ennfremur var farið í hópefli í samninganefndum og mönnum kennt að skilja og bera ábyrgð á tilfinningum þeim sem vakna í þeim sálfræðihernaði sem samningagerð getur orðið. Að loknum ofangreindum fyrirlesturum var sett á svið samningalota þar sem menn fengu að nýta sér þá kunnáttu sem komið hafði fram í fyrirlesturum vikunnar. Voru fulltrúar FÍH allir sammála um að námskeiðið hefði verið með eindæmum gagnlegt og myndi styrkja samninganefndir félagsins mikið í samningagerð í framtíðinni.

Stjórn FÍH sendir hér með hinar bestu þakkir til ASÍ fyrir námskeiðið.

sigurgeir@fih.is



Félagsfundur lausráðinna um nýundirritaðan kjarasamning við SÍ

Eins og fram kemur á forsíðu blaðsins var kjarasamningur lausráðinna við Sinfóníuhljómsveit Íslands samþykkt samhljóða á félagsfundi FÍH 11. desember s.l. Hér að neðan fylgir úrdráttur úr fundargerð fundarins sem haldinn var í fundarsal FÍH í Rauðagerði að viðstaddri stjórn og félagsmönnum.

Björn Th. Árnason hóf fundinn með því að fara yfir nýundirritaðan samning við Sinfóníuhljómsveit Íslands vegna lausráðinna hljómlistarmanna starfandi við hljómsveitina. Hann sagði að lagt hefði verið upp í þetta samningaferli með það í huga að tryggja niðurstöðu Félagsdóms. Þegar hann væri tryggður þá lægi fyrir heimild frá félagsfundi um að semja um breytingar á 17 ára gömlum kjarasamningi og þá fyrst og fremst með það í huga að hægt væri að breyta ákvæði um 24 tíma tryggingu fyrir meiri hagsmuni enda hefðu félagsfundur og trúnaðarráðsfundur haldnir í nóvember samþykkt þá stefnu. Björn sagði samninginn í mestu eins og fyrri samning þ.e. álag væri óbreytt en hins vegar fengju lausráðnir nú þær launaflokkahækkanir sem fastaráðnir fengu með breytingu yfir í þjónustukerfi. Hækkun á samningi lausráðinna væri því í samræmi

við hækkanir á kjarasamningi fastráðinna frá maí 2001.

Samningurinn tekur til þeirra sem vinna 35 þjónustur eða minna árlega hjá SÍ en þeir sem vinna meira geta fengið fastráðningu í hlutastarf hjá hljómsveitinni.

Nokkrar umræður urðu um afnám 24 tíma tryggingarinnar og voru fundarmenn sammála um að félagsmenn yrðu að vera mjög nákvæmir í vinnubrögðum við starfsráðningu og gera þyrfti kröfur til SÍ að vinnuskiplag lægi fyrir með góðum fyrirvara. Þar sem nýi samningurinn gefur framkvæmdastjórn hljómsveitarinnar fjálsari hendur með skipan í launaflokka voru menn hvattir til þess við ráðningu að kanna stöðu sína og að félagið myndi aðstoða þá sem að væru ósáttir við skipan í launaflokka.

Fundarmenn voru að öðru leyti ánægðir með stutta og snarpa samningalotu og þann árangur sem náðst hefur enda var samningurinn samþykktur samhljóða í leynilegri kosningu.

sigurgeir@fih.is

Við berum ábyrgð

Nú er enn eitt árið senn á enda þó að okkur finnst stutt síðan að við fleygðum umbúðunum utan af gjöfum síðustu jóla. Hér á skrifstofu FÍH hefur lífið að mörgu leyti gengið sinn vanagang. Verkfall í nóvember virðist orðin árlegur viðburður hjá félaginu því í fyrra voru tónlistarkennarar í verkfalli, nú lausráðnir hjá SÍ. Ég held að þetta sé til marks um sí harðnandi kjarabaráttu á íslenskum vinnumarkaði og grunar að samningalotan á íslenska vinnumarkaðnum sem hefst næsta haust verði ekki með öllu átakalaus.

Því miður er það svo að þrátt fyrir oft ágæta samninga tekst ríkinu og atvinnurekendum ansi oft að ná eftirgjöf sinni til baka með hækkunum á sköttum, vörum og þjónustu, gjarnan í árslok áður en samningsbundnar hækkanir kjarasamninga koma til framkvæmda í ársbyrjun árið á eftir. Vísitölurnar títtnefndu sveiflast því oft uppávið seinni hluta ársins en lækka aftur á fyrsta ársfjórðungi næsta árs þegar að útsölnurnar byrja og hræðsluáróðurinn um verðbólgu-drauginn fer að bera árangur.

Niðurstaðan er samt alltaf sú sama að það verður alltaf erfiðara fyrir landsmenn að láta enda ná saman um leið og skuldir heimilanna hækka. Til marks um þetta er aukning á gjaldprotum, uppboðum á fasteignum ásamt því að lausafjármunir eins og bifreiðar lenda oftar á uppboðum, en árlega eru boðnar upp a.m.k. 1500 bifreiðir á Stór-Reykjavíkursvæðinu einu vegna

vanskila eigenda.

Því miður er það nú svo þetta árið að menn segjast sjá ýmsar blikur aukins samdráttar í efnahagsmálum og atvinnuleysis á næstunni sem gæti ýtt enn frekar undir kreppeinkenni hérlendis.

Ég er þeirrar skoðunar að atvinnuleysi hérlendis sé reyndar meira en opinberar tölur segja til um vegna þess að launþegar hafa í sívaxandi mæli látið undan þrýstingi atvinnurekenda um að gerast verktakar. Þegar skóinn krepur að geta verktakar ekki leitað hjálpar eða skráð sig atvinnulausa, því réttindastaða þeirra er veik. Það eru því margir iðnaðarmenn, einyrkjar af ýmsu tagi og listamenn, þ.m.t. tónlistarmenn sem hafa lítið að gera þessa daganna, þó svo að það fari ekki hátt í fjölmiðlum.

Undanfarin áratug hafa átt sér stað miklar breytingar í íslensku samfélagi. Línur hafa skerpst verulega og bilið á milli þeirra sem minna mega sín og þeirra sem eitthvað eiga hefur breikkað. Ofangreind lýsing á nefnilega ekki við alla því tilfærsla fjármuna frá almenningi til hinna ríkjandi stétta hefur verið mikil. Það er því sameiginlegt forgangsverkefni okkar allra á komandi ári að sjá til þess að lífskjör í landinu verði jöfnuð. Við berum ábyrgð.

sigurgeir@fih.is



Niðurstöður málþings kynntar borgarstjóra

Málþing FÍH og FT um tónlistarhúsið

Föstudaginn 22. nóvember gengust Félag íslenskra hljómlistarmanna og Félag íslenskra tónlistarmanna fyrir málþingi undir ofangreindri yfirskrift.

Framsöguerindi fluttu: Egill Ólafsson, tónlistarmaður, Joseph Ognibene, 1. hornleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Gunnar Hrafnsson, bassaleikari, Björn Th. Árnason formaður FÍH, Sesselja Kristjánsdóttir, óperusöngvari og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari. Gestur málþingsins var Þórunn Sigurðardóttir, stjórnandi Listahátíðar. Fundarstjóri var Margrét Bóasdóttir, formaður F.Í.T.

Málþingið var mjög fjölsótt og ríkti mikill samhugur og einurð. Umræður og fyrirspurnir í lok málþingsins voru mjög líflegar. Málþingið var allt hljóðritað og er stefnt að gerð útvarpsþáttar um þingið. Einnig munu framsöguerindi og úrdráttur úr umræðum ásamt þeim ályktunum sem samþykktar voru, verða sendar ráðamönnum ríkis og borgar. Málþingið samþykkti eftirfarandi ályktun:

1. Tónlistarfólk fylkir sér að baki þeirrar réttmætu kröfu að Tónlistarhúsið verði byggt til að hýsa tónlistina fyrst og fremst. Nauðsynlegt er að tónlistarhúsið njóti listrænnar stjórnar með fulltrúum fagfólks, þannig að allir tónlistarhópar og einstaklingar eigi aðgang að húsinu.

2. Tónlistarfólk lýsir þeim eindregna vilja að ríki og borg standi að, og tryggi rekstur tónlistarhússins, eins og þessir aðilar standa að rekstri

Mezzoforte spilaði fyrir DMF í Kaupmannahöfn

Hljómsveitin Mezzoforte var daganna 20. nóvember til 9. desember á tónleikaferð um Evrópu og hélt hljómsveitin m.a. tónleika í Kaupmannahöfn í sal “rhythmiska” tónlistarskólans. Fékk Björn Th. Árnason formaður FÍH samtal frá Anders Laursen formanni danska stéttarfélagins þar sem hann sagðist sitja og vera hlusta á íslenska tónlistarmenn í Kaupmannahöfn.

Eftir tónleikanna bauð stjórn danska félagsins hljómsveitinni upp á glæsilega máltíð og vilja drengimir í Mezzoforte koma á framfæri kæru þakklæti til Danska félagsins fyrir frábærar mótökur í Kaupmannahöfn.

sigugeir@fih.is

annarra opinberra menningarstofnanna s.s. Þjóðarbókhöfuð, Þjóðleikhúss, listasafna, leikhúss og Laugar-dalshöll.

3. Tónlistarfólk skorar á stjórnvöld að endurskoða áætlaðan sætafjölda, með það í huga að sæti í aðalsal verði 1500-1700 framan við svið. Það mun auka notagildi hússins til muna og mæta enn frekar þörfum tónleikahaldara eins og Listahátíðar og fleiri aðila.

4. Tónlistarfólk leggur til að framtíðarhúsnæði Íslensku óperunnar verði í minni tónlistarsal Tónlistarhússins.

Í kjölfarið kynntu forsvarsmenn málþingsins Ingibjörgu S. Gísladóttur borgarstjóra það sem helst kom fram á málþinginu og áréttuðu að tónlistarmenn yrðu hafðir með í ráðum á því mikilvæga tímabili sem nú færi í hönd með hönnun og byggingu hússins. Ennfremur hefur hópurinn óskað eftir viðtali við menntamálaráðherra og forsætisráðherra en svör við þeirri beiðni hafa ekki borist.

Framsöguerindi og nánari umfjöllun um málþingið er að finna á heimasíðu FÍH á slóðinni www.fih.is.

sigurgeir@fih.is

Íslensk hljóðritaskrá

Undanfarin misseri hefur verið unnið að því á vegum SFH Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda að skrá á tölvutækt form íslenskar hljómplötur frá upphafi. Allar nánari upplýsingar um gagnagrunninn er hægt að fá hjá skrifstofu SFH í síma 561-8065

Stjórn og starfsfólk FÍH

sendir ykkur öllum
bestu jólakveðjur og
óskir um farsælt
komandi ár með
þakklæti fyrir árið sem
er að líða